

Fréttatilkynning:**Hagar hf. árshlutauppgjör // mars - nóvember 2012**

Árshlutareikningur Haga fyrir fyrstu 9 mánuði rekstrarársins 2012/13 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum þann 18. janúar 2013. Reikningurinn er fyrir tímabilið 1. mars 2012 – 30. nóvember 2012. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess og er hann gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Reikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.

Helstu upplýsingar:

- Hagnaður tímabilsins nam 2.063 millj. kr. eða 3,9% af veltu.
- Vörusala tímabilsins nam 52.314 millj. kr.
- Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) nam 3.546 millj. kr.
- Heildareignir samstæðunnar námu 25.899 millj. kr. í lok tímabilsins.
- Handbært fé félagsins nam 2.590 millj. kr. í lok tímabilsins.
- Eigið fé félagsins nam 7.837 millj. kr. í lok tímabilsins.
- Eiginfjárhlutfall var 30,3% í lok tímabilsins.

Vörusala nam 52.314 milljónum króna, samanborið við 49.898 milljónum króna fyrir sama tímabil árið áður. Söluaukning félagsins er því 4,8% milli ára.

Afkoma fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta nam 3.546 milljónum króna, samanborið við 3.083 milljónir króna árið áður. Framlegð félagsins er 12.585 milljónir króna samanborið við 11.795 milljónir króna árið áður eða 24,1% samanborið við 23,6%. Launakostnaður stendur í stað milli tímabila en annar rekstrarkostnaður hefur hækkað um 8,9%, en að teknu tilliti til einkisliða í fyrra er hækkunin á milli ára um 5,8%.

Fjármagnsliðir hækka um 526 milljónir milli ára, en í nóvember í fyrra voru tekjufærðar 514 milljónir króna vegna endurútreiknings Arion banka á gengistryggðum lánum félagsins sem gerð voru upp árið 2009.

Hagnaður tímabilsins fyrir skatta nam 2.612 milljónum króna, samanborið við 1.867 milljónum króna árið áður. Hagnaður eftir skatta nam 2.063 milljónum króna á tímabilinu, sem jafngildir um 3,9% af veltu.

Heildareignir samstæðunnar í lok tímabilsins námu 25.899 milljónum króna. Fastafjármunir voru 12.908 milljónir króna og veltufjármunir 12.991 milljónir króna. Þar af eru birgðir 5.963 milljónir króna en birgðasöfnun félagsins nær hámarki í nóvember vegna jólavertíðarinnar. Á sama tíma í fyrra voru birgðir 5.702 milljónir króna og er hækkun því um 4,6% milli ára.

Eigið fé félagsins var 7.837 milljónir króna í lok tímabilsins og eiginfjárhlutfall 30,3%. Heildarskuldir samstæðunnar voru 18.062 milljónir króna, þar af eru langtímaskuldir 9.984 milljónir króna. Nettó vaxtaberandi skuldir félagsins í lok tímabilsins voru 7.004 milljónir króna.

Handbært fé frá rekstri í lok tímabilsins nam 2.750 milljónum króna samanborið við 1.863 milljónir króna á sama tíma í fyrra. Fjárfestingahreyfingar tímabilsins voru 797 milljónir króna.

Fjármögnunarhreyfingar á tímabilinu voru 1.512 milljónir króna, en félagið greiddi 527 milljónir í arð og hefur greitt 500 milljónir inná lán félagsins umfram samning. Handbært fé í lok tímabilsins var 2.590 milljónir króna samanborið við 1.240 milljónir króna árið áður.

Framtíðarhorfur:

Rekstur félagsins á fyrstu níu mánuðum rekstrarársins var góður og betri en á sama tímabili fyrir árið á undan. Reksturinn var yfir áætlunum á tímabilinu.

Á þessari stundu er óvissa um framvindu kjarasamninga á vinnumarkaði, þar sem ekki liggur fyrir hvort kjarasamningar verði framlengdir. Stöðugleiki á vinnumarkaði er mikilvægur fyrir rekstur félagsins.

Óvissa um gengisþróun og verðlagsþróun almennt hefur áhrif á rekstur félagsins. Miklar sveiflur í gengi íslensku krónunnar geta haft neikvæð áhrif. Auk þess er óvissa um áhrif aukinnar skattheimtu á sölu og framlegð ákveðinna vöruflokka.

Fjárhagsdagatal 2012/13:

4. ársfjórðungur (1. mars – 28. feb): birting 17. maí 2013

Nánari upplýsingar veitir Finnur Árnason, forstjóri félagsins, í síma 530-5500.

Árshlutareikningur Haga hf. // mars – nóvember 2012
Lykiltölur í millj. kr. – samstæða

Rekstrarreikningur

	2012	2011	2012	2011
	Q3	Q3	1.3-30.11	1.3-30.11
Vörusala	16.745	16.187	52.314	49.898
KSV	(12.785)	(12.418)	(39.729)	(38.103)
Heildarframlegð	3.960	3.769	12.585	11.795
Aðrar tekjur	52	22	128	77
Laun og launatengd gjöld	(1.518)	(1.524)	(4.563)	(4.561)
Annar rekstrarkostnaður	(1.580)	(1.372)	(4.604)	(4.228)
EBITDA	914	895	3.546	3.083
Afskriftir	(149)	(180)	(514)	(776)
EBIT	765	715	3.032	2.307
Fjármunatekjur (-gjöld)	(119)	337	(420)	106
Hagnaður fyrir skatta	646	1.052	2.612	2.413
Tekjuskattur	(137)	(210)	(549)	(546)
Hagnaður tímabilsins	509	842	2.063	1.867

Efnahagsreikningur

	30.11.2012	29.02.2012
Eignir		
Fastafjármunir	12.908	12.604
Veltufjármunir	12.991	10.801
Eignir samtals	25.899	23.405
Eigið fé og skuldir		
Hlutafé	1.172	1.172
Annað eigið fé	6.665	5.049
Eigið fé samtals	7.837	6.221
Langtímaskuldir	9.984	10.468
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	666	651
Aðrar skammtímaskuldir	7.412	6.065
Skuldir samtals	18.062	17.184
Eigið fé og skuldir samtals	25.899	23.405

Sjóðstreymi

	2012	2011	2012	2011
	Q3	Q3	1.3-30.11	1.3-30.11
Handbært fé frá rekstri	475	241	2.750	1.863
Fjárfestingarhreyfingar	(662)	(678)	(797)	(874)
Fjármögnunarahreyfingar	(166)	(148)	(1.512)	(837)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(353)	(585)	441	152
Handbært fé í byrjun tímabils	2.943	1.825	2.149	1.088
Handbært fé í lok tímabils	2.590	1.240	2.590	1.240

Breytingar á eigin fé

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. mars 2012	1.172	1.272	3.777	6.221
Hagnaður tímabilsins			2.063	2.063
Greiddur arður			(527)	(527)
Aðrar breytingar á eigin fé			79	79
Eigið fé 30. nóvember 2012	1.172	1.272	5.392	7.837